




Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Starfsáætlun

SSNV atvinnuþróun 2011





Inngangur

Starfsáætlun SSNV atvinnuþróunar fyrir árið 2011 byggir á samningi SSNV atvinnuþróunar og Byggðastofnunar um atvinnu- og byggðapróun á Norðurlandi vestra dags. 28. desember. 2007.

Markmið samningsins eru:

- Að skapa grundvöll um samstarf um byggðapróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfni, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Að samþætta áherslur ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæði SSNV.
- Uppbygging og gagnkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðapróunar milli samningsaðila.

Þá byggir starfsáætlunin á áherslum stjórnar SSNV um leiðir til eflingar búsetuþátta og samkeppnishæfni Norðurlands vestra.

Uppbygging og efling atvinnulífs hefur um langt skeið verið mikilvægur þáttur í starfi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og samtaka þeirra. Atvinnumál eru samofin byggðamálum að því leiti að beint samhengi er milli atvinnustigs, atvinnutækifæra og íbúapróunar. Þó fjölmargt hafi áunnist hafa breytingar á atvinnuháttum undanfarinna ára m.a. leitt til neikvæðrar íbúapróunar á Norðurlandi vestra. Mikilvægt er að sveitarfélög á svæðinu nái að skapa samstöðu um þau verkefni sem ætlunin er að vinna að í sameiningu. Mótun skýrrar stefnu, gerð áætlana, endurmat og eftirfylgni hljóta að vera lykilatriði svo vel megi til takast. Í starfsáætlun 2011 er gert ráð fyrir að línur verði skerptar í þeim efnum. Sérstök áhersla verði lögð á eflingu og fjölgun nýrra atvinnutækifæra í lykilatvinnugreinum svæðisins þ.e. sjávarútvegi og landbúnaði og matvælaframleiðslu og annarri verðmætasköpun þeim tengdum.

Stoðkerfi atvinnulífsins hefur verið til skoðunar síðustu mánuði og hafa atvinnuþróunarfélögin í einhverju mæli verið kölluð til umsagnar um þá vinnu. Rík áhersla hefur verið lögð á það af hálfu atvinnuþróunarfélaganna að þau sinni fjölbreytilegri nærþjónustu við íbúa á forsendum heimafólks og undir stjórn heimamanna á hverju svæði.



Jafnframt er nauðsynlegt að einfalda stoðkerfið, auka þar skilvirkni og bæta nýtingu fjármuna.

Vænta má þess að ýmsar breytingar verði í daglegum störfum atvinnuráðgjafa á árinu 2011. Kemur þar meðal annars til að endurnýjaður vaxtarsamningur gerir ráð fyrir breyttu vinnulagi við framkvæmd samningsins á Norðurlandi vestra. Þannig verða verkefni vaxtarsamnings framvegis í höndum starfsfólks atvinnuþróunarfélagsins í stað sérstakrar stjórnar og framkvæmdastjóra vaxtarsamnings. Með þessu ættu að nást nokkur samlegðaráhrif þar sem oft hefur gætt skörunar milli verkefna á vettvangi atvinnuþróunar og vaxtarsamnings.

Endurnýjun menningarsamnings og samnings við Byggðastofnun um atvinnuþróun hafa einnig í för með sér nokkrar áherslubreytingar, þó ekki í eins veigamiklum atriðum og endurnýjaður vaxtarsamningur.

Áætlunin er unnin af framkvæmdastjóra og starfsfólki og samþykkt af stjórn SSNV atvinnuþróunar á fundi þann 11. janúar 2011.

Í stjórn SSNV atvinnuþróunar eru Bjarni Jónsson formaður, Sgurjón Þórðarson, Skúli Þórðarson, Adolf H. Berndsen og Ágúst Þór Bragason. Áheyrnarfulltrúi Byggðastofnunnar er Guðmundur Guðmundsson. Framkvæmdastjóri SSNV atvinnuþróunar er Jón Óskar Pétursson.

Starfsmenn SSNV atvinnuþróunar eru:

Katrín María Andrésdóttir

Stefán Haraldsson

Gudrun Kloes

Baldur Valgeirsson

Samstarfsaðilar SSNV atvinnuþróunar eru m.a. Sveitarfélög á Norðurlandi vestra, Byggðastofnun, Vinnumálastofnun, Farskólinn-símenntunarmiðstöð á Norðurlandi vestra,



Háskólinn að Hólum, Rannsóknarsetur Háskólans að Bifröst, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og önnur atvinnuþróunarfélög.

Atvinnu- og byggðapróun

Markmið

- Að fyrir liggi skýr stefna og sameiginleg sýn sveitarfélaga á Norðurlandi vestra varðandi áherslur, markmið og helstu leiðir í samstarfi á vettvangi atvinnu- og byggðapróunar.
- Að taka þátt í og framkvæma opinbera stefnumótun á sviði atvinnu- og byggðapróunar.
- Að hafa samstarf við mennta- og rannsóknarstofnanir.
- Að auka samstarf hagsmunaaðila og styrkja sameiginlegan vettvang og tengsl.
- Að bjóða hagnýta fræðslu til fyrirtækja og einstaklinga í atvinnulífi á Norðurlandi vestra.

Leiðir

- Stefnumótun, áætlanagerð, innleiðing og eftirfylgni, stjórnar og starfsmanna, varðandi helstu sameiginlegu áherslur og verkefni í atvinnu- og byggðapróun á Norðurlandi vestra.
- Framkvæmd Vaxtarsamnings Norðurlands vestra
- Virk þátttaka í opinberri stefnumótun á sviði atvinnu- og byggðapróunar.
- Að halda „Dag atvinnulífsins“ á Norðurlandi vestra og veita hvatningarverðlaun SSNV atvinnuþróunar.
- Að halda námskeið og fræðslufundi.
- Önnur samvinna við hagsmunaaðila innan svæðis og utan.

Atvinnuráðgjöf

Markmið

- Að styðja við rekstur, þróun og fjármögnun í atvinnulífi á Norðurlandi vestra.
- Að kynna þjónustu SSNV atvinnuþróunar fyrir íbúum og fyrirtækjum á Norðurlandi vestra.
- Að efla tengsl við eigendur – sveitarfélögin. Að auka samstarf og samtakamátt í atvinnulífinu á svæðinu.
- Horfa sérstaklega til svæðisbundinna samstarfsverkefna er varða atvinnu eða búsetuþætti.

Leiðir

- Að veita einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum handleiðslu og ráðgjöf um verkefni og stoðkerfi atvinnulífs með viðtölum og fyrirtækjaheimsóknum.
- Heimsóknir í fyrirtæki og aðstoð við verkefni þeirra og samstarf, eftir því sem aðstæður bjóða hverju sinni.
- Að útbúa fréttir á vefsíðu og í staðbundna fjölmiðla.
- Að senda út fréttir og tilkynningar á viðeigandi markhópa, svo sem varðandi möguleika til fræðslu, fjármögnunar, samstarfs og fleira sem nýtist við rekstur fyrirtækja og verkefnastjórnun.
- Hafa samstarf við sveitarfélög um verkefni eftir því sem við á og aðstæður bjóða.
- Gerð ársskýrslu.
- Þátttaka í verkefnum og fundum á vettvangi stoðkerfis atvinnulífsins.

Nýsköpun

Markmið

- Að kynna lausnir sem leitt geta til aukinnar og hagkvæmrar nýtingar upplýsingatækni.
- Að stuðla að auknum viðskiptum og samstarfi fyrirtækja og stofnana út fyrir svæðið.
- Að auka þjónustu við ferðafólk á svæðinu í september og október með aukna kynningu og betri afkomu ferðapjónustufyrirtækja að leiðarljósi.
- Að hvetja til aukinnar heimaframleiðslu, fjölbreytni og vöruþróunar á lögbýlum og í smáfyrirtækjum.
- Að afla upplýsinga um hagkvæmni ylrækar á Norðurlandi vestra
- Að horfa til Slow food hugmyndafræði, þar sem áhersla er lögð á gæði og góða arðsemi vöru í stað magnframleiðslu.
- Að bjóða frumkvöðlum einstaklingsmiðaða leiðsögn eftir óskum þeirra.

Leiðir

- Kynningarfundir varðandi „ókeypis lausnir“ í upplýsingatækni.
- Að kanna hvort ráðast má í sérstök átaksverkefni til að kanna þá færni og mannauð sem fyrir hendi er á svæðinu og tengja við verkefna- og nýsköpunarmöguleika á sviði upplýsingatækni.
- Að gera sérstakt átak í að fjölga þátttakendum á Norðurlandi vestra í samstarfsverkefnum á borð við „Beint frá býli“, litlubudirnar.is o.fl.

- Að gera viðskiptaáætlun vegna ylræktar út frá mismunandi forsendum í því skyni að leiða í ljós hvort hagkvæmt getur verið að ráðast í verkefni á því sviði, með sjálfbærni og heimamarkað í huga.
- Að horfa til vöruþróunar í ferðaþjónustu.
- Að taka þátt í erlendu samstarfsverkefni (1-2 verkefni í gangi árlega).
- Að kynna sérstaklega verkefni sem sprottin eru úr Vaxtarsamningi Norðurlands vestra.
- Að gera þróunarstarfi og nýsköpun hátt undir höfði á Degi atvinnulífsins.
- Að taka með virkum hætti þátt í Alþjóðlegri athafnavíku sem haldin er að hausti og hefur verið að skapa sér sess héraendis.

Búsetuþættir

Markmið

- Greining á svæðum daglegra vinnusókna þéttbýlisstaða utan höfuðborgarsvæðisins.
- Að vinna með verslunareigendum í dreifðum byggðum að nýjum lausnum í rekstri sem leitt geta til aukins vöruframboðs, lægra vöruverðs og betri afkomu verslana.
- Að vera sveitarfélögum á Norðurlandi vestra öflugur bakhjarl þegar kemur að upplýsingaöflun, málsvarahlutverki og/eða tímabundnum stærri verkefnum.
- Að leggja sérstaka áherslu á kynningu á búsetukostum og rekstarumhverfi fyrirtækja á Norðurlandi vestra í samstarfi við einstaka sveitarfélög og aðra opinbera aðila s.s Íslandsstofu.

Leiðir

- Áframhaldandi vinna við greiningu vinnusóknarsvæða í samstarfi við Byggðastofnun.
- Áframhaldandi vinna við greiningu á rekstarumhverfi verslunar í dreifbýli í samstarfi við rannsóknarsetur verslunarinnar á Bifröst.
- Áframhaldandi vinna að fræðslu og ráðgjöf til eigenda og stjórnenda dreifbýlisverslana í samráði við Rannsóknarsetur verslunarinnar og aðra þátttakendur í alþjóðlega samstarfsverkefninu Retail in Rural Regions.
- Aukin og áframhaldandi þjónusta við sveitarfélög, svo sem aðstoð við fræðslu, viðburði, öflun og greiningu upplýsinga.
- Að vinna kynningarefni vegna beinnar erlendar fjárfestingar á Norðurlandi vestra í samstarfi við Íslandsstofu o.fl. sbr. tillögu í Stefnumótandi Byggðaáætlun 2010-2013.



Upplýsingaöflun

Markmið

- Að fyrir liggja með aðgengilegum hætti ýmsar, hagrænar upplýsingar um stöðu mála í landshlutanum. Að tryggja fullnægjandi aðgengi að upplýsingum er varða starfsemina og líf og störf íbúa á svæðinu.
- Að koma í veg fyrir tvíverknað varðandi samantekt upplýsinga, greiningu og framsetningu.
- Að styðja störf þeirra sem vinna með að málefnum og hagsmunum landshlutans.

Leiðir

- Að lögð verði sérstök áhersla á að safna, uppfæra og birta upplýsingar um þróun starfa, fólksfjölda, fasteignaverð og aðra lykilþætti í búsetu og atvinnulífi á Norðurlandi vestra.
- Að yfirfara og skipuleggja aðgang að gagnagrunnum og upplýsingakerfum.

Eigin fjármögnun

Markmið

- Að auka hlut eigin fjármögnunar starfsemi SSNV atvinnuþróunar þ.e. umfram hin hefðbundnu framlög Byggðastofnunar og sveitarfélagana

Leiðir

- Að sækja um verkefnastyrki og gera þjónustu- og samstarfssamninga.
- Þátttaka í erlendum og innlendum samstarfsverkefnum.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.